

Die Kaiserthermen

Baðhús keisarans eru leifar frá rómverska stórveldinu. Byggingin er úr rauðum múrsteinum og hvítum steinum, sem var bæði til að styrkja bygginguna og auk þess er það fallegt. Þetta byggingarefni var einnig notaður annarsstaðar í Trier og stíllinn er rómverskur, eins og sjá má á bogadregnu gluggunum. Baðhúsið var byggt um 300 eftir krist og var táknrænt fyrir veldi Konstantínusar keisara Rómar og son hans Konstantín. Staðsetning byggingarinnar var valin með tilliti til þess að auðvelt var að fá vatn þar. Sjálf baðhöllin var 250x145 m. Þetta var mikið stórvirki, hiti í gólfum og vatnslagnir, agalega tæknilegt miðað við sinn tíma. Baðhús Rómverja voru mikilvæg fyrir þá til þess að hittast og baða sig. Fólk fór daglega og var tímunum saman þarna. Þeir sem voru ríkari voru með 1 eða fleiri þræla. Eftir að hafa borgað sig inn, klæddu menn sig úr spjörunum og voru í sandölum til að brenna ekki á fótum. Þrælarnir komu með handklæði og drykki. Aðalsmenn stunduðu líkamsrækt var fyrir böðun. Þá hlupu menn, lyftu lóðum, glímdu og syntu. Svo komu þjónarnir og mökuðu olíu á húsbónda sína. Síðan tóku þeir hana af með sköfu sem tók skítinn í burtu.

Eftir fall Rómaveldis, voru baðhúsin notuð að hluta. Kaiser Thermen var breytt í nokkurskonar kastala eða virki og í skjóli hans þróaðist lítil byggð í miðjum garðinum. Kaiser Thermen er á heimsminjaskrá hjá Unesco, rétt eins og t.d. Þingvellir og Vatnajökulspjóðgarður.

Björgheiður og Elva – kynning haldin við Baðhús Keisarans